

3503.0011 og 3503.0021 Matarlím (gelatín o.fl.).
3824.9008 Blanda úr sakkaríni og kemískum efnum í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðast svo: Endurgreiðslutímabil fyrir rekstraraðila sem gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, skal þó vera almanaksárið.

4. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 14., 42. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002 - 2017.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 10. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Austur-Héraðs hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgangi hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.